

Haustlaukar, sumarblóm og blómstrandi runnar - Minnisblað garðyrkjustjóra

Á fundi bæjarráðs Kópavogs 8.4. sl. var lögð fram tillaga bæjarfulltrúa Theódóru S. Þorsteinsdóttur (mál 2104043) um að Kópavogsbær bæti við vaxtarsvæði túlípana (haustlauka) í bæjarlandinu, auki verulega við gróðursetningu sumarblóma og blómstrandi runna.

Bæjarráð samþykkir að vísa málinu til umsagnar sviðsstjóra umhverfissviðs.

- ***bæti við vaxtarsvæði túlípana (haustlauka) í bæjarlandinu***

Vel mætti hugsa sér að auka notkun haustlauka, þar á meðal túlípana, í Kópavogi. Þeir eru almennt ræktaðir í sér beðum, eins og sést á myndinni hér að ofan, í blönduð beð með trjám og runnum eða jafnvel í grasflötum, t.d. krókusar og páskaliljur.

Haustlaukar eru settir niður á haustin eins og nafnið gefur til kynna en blómstra á tímabilinu apríl-júní. Þeir eru því í blóma áður en flestir runnar lafgast og lengja þannig sumarið í annan endann. Best fer á að setja haustlaukana niður marga saman í stórar þyrpingar, líkt og sumarblóm, og í flestum tilvikum þarf að gera ráð fyrir að setja lauka niður á hverju ári líkt og sumarblómin.



Ekki er sérstaklega gert ráð fyrir gróðursetningu haustlauka í fjárhagsáætlun 2021 en eflaust er mögulegt að hagræða þannig að t.d. 2 millj. kr. sé varið til tilraunaverkefnis í haust af gjaldaliðnum 11421 – Rekstur opinna svæða. Ef ráðast á í stórfellda ræktun haustlauka þarf að koma til aukin fjárveiting.

- ***auki verulega við gróðursetningu sumarblóma og blómstrandi runna***

Í ár er gert ráð fyrir að gróðursett verði um 29.000 sumarblóm á vegum Kópavogsbæjar, um 10% fleiri en 2020, enda verður gróðursett sumarblóm á fleiri stöðum en áður. Til samanburðar voru árið 2016 sumarblómin um 10.000 talsins. Ef enn meiri aukning á að koma til þarf að koma til aukafjárveiting.

Undanfarið hafa árlega verið gróðursettir blómstrandi runnar í hundraðatali víðsvegar um bæinn og er fyrirhugað að svo verði einnig í ár. Ekki hefur verið um sérstakt verkefni að ræða heldur eru blómstrandi runnar oftast hluti af efniviði í öðrum verkum á útvistarsvæðum, í gatnaumhverfi og á stofnanalóðum bæjarins. Alltaf er hægt að gera meira í þessum efnum en aðeins spurning um forgangsroðun verkefna. Á gjaldaliðnum 11331 – Nýframkvæmdir á útvistarsvæðum eru 18 millj. kr. ætlaðar í ýmis trjáræktarverkefni víðsvegar innanbæjar, skv. tillögum sem samþykktar voru í umhverfis- og samgöngunefnd 16.3. sl., þar á meðal til gróðursetningar runna, blómstrandi og annarra, og trjáa í bænum.

Friðrik Baldursson garðyrkjustjóri